

DKG IOTA deild.

Fundur haldinn þriðjudaginn 19. apríl 2022 í Dokkunni Ísafirði.

Barbara Gunnlaugsson setti fundinn klukkan 18:30. Mættar 14 konur.

1. Barbara kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. Nafnakall.
3. Barbara sagði frá því að aðalfundur DKG verður haldinn á zoom en ráðstefnu seinkað til hausts. Nánari fréttir berast síðar.
4. Fundagerð síðasta fundar lesin upp.
5. Gunnhildur Gestsdóttir kynnti sig. Hún stofnaði með manni sínum 3X 1994 og Blómabúð Ísafjarðar 1996. Hún átti snyrti- og nærfatabúð. Starfaði sem bókarí 3X. Í dag er hún jógakennari, svæðisleiðsögumaður ásamt því að eiga og reka með fjölskyldu sinni Dokkuna sem er brugghús, veitingastaður og gestastofa þar sem fólk fær fræðslu um bjórinn, hvernig hann verður til og örnefnið sem hann fær. Lagt er mikið áhersla á að framleiðslan sé umhverfisvæn.
6. Boðið upp á kjúklingasúpu og brauð.
7. Barbara minnir á félagsgjaldið sem er kr. 11.000,-
8. Steinunn Guðmundsdóttir var með orð til umhugsunar. Hún talaði um tjáningu og sköpun. Hún talaði m.a. um að allir megi hafa tjáningafrelsi en nauðsynlegt sé að huga að því að nota það á réttan og sanngjarnan hátt. Of margir skrifi t.d. á internetið særandi skoðun á öðrum og telji sig mega það í krafti tjáningarfrelsis. Passa þarf að fréttir með mynd- og talmáli segi rétt frá. Einnig talaði hún um sköpunarkraft m.a. í náttúrunni. Reglulega er t.d. eldgos á Íslandi þar sem fólk geti komið og skoðað en því miður virða ekki allir viðvaranir og fari út fyrir merktar öruggar leiðir.
9. Barbara þakkaði fyrir fundinn og óskar öllum gleðilegs sumars. Minnir á að næsti fundur er aðalfundur.
10. Gunnhildur sýndi okkur brugghúsið og sagði okkur frá vinnslunni frá upphafi til enda.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl: 20:30.

Bryndís Ásta Birgisdóttir ritaði fundagerð.